


Í 23 löndum vinna 51 samstarfsaðili og fleiri en 70 stofnanir að því að efla líknarmeðferð barna í Evrópu



Um Hope4Kids

Holistic Oncological Palliative care 4 Europe's Kids (Hope4Kids) er sameiginlegt verkefni sem er fjármagnað af EU4Health áætluninni og markmið þess er að efla líknarmeðferð barna (PPC) um alla Evrópu. Hope4Kids vinnur að því að draga úr mismunun á aðgengi og gæðum líknarþjónustu með því að samhæfa aðgerðir 23 ESB ríkja og landa sem tengjast EU4Health. Markmiðið er að tryggja að hvert barn með krabbamein, óháð búsetu, fái heildræna, samfellda og gagnreynda líknarþjónustu.

Væntanlegar niðurstöður

- Samræmdir verkferlar í líknarmeðferð barna, með áherslu á barnakrabbamein, gagnreyndar aðferðir, stuðning fyrir og eftir missi o.fl.
- Innleiðing forverkefna (e.pilot programs) í fjölbreytilegu heilbrigðisumhverfi
- Kennslu- og fræðsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðra umönnunaraðila
- Uppbygging tengslanets í líknarmeðferð barna í Evrópu
- Viðmið fyrir námskrár- og kennsluþróun á háskólastigi
- Samráðsvettvangur hagsmunaaðila og viðræður við stjórnvöld
- Að skapa samlegð meðal hagsmunaaðila í líknarmeðferð barna

Verkþættir verkefnisins

WP1 Samhæfing

Heildarstjórnun verkefnisins, stjórnsýsla, gæðaeftirlit og áhættustýring

WP2 Samskipti og miðlun

Miðlun niðurstaðna, þátttaka hagsmunaaðila og að vekja athygli á verkefninu

WP3 Mat og eftirfylgni

Eftirlit með verkefninu og mat á árangri þess

WP4 Sjálfbærni og stefnumótandi samráð

Samráðsvettvangur hagsmunaaðila, stefnumótandi viðræður við stjórnvöld og leiðir til að viðhalda verkefninu

WP5 Yfirlit yfir líknarmeðferð barna í Evrópu

Kortlagning og greining á núverandi stefnum, löggjöf og kerfum í líknarmeðferð barna

WP6 Gagnreyndir verkferlar

Þróun samræmdra evrópskra verkferla í líknarmeðferð barna

WP7 Forverkefni (e.pilot programs)

Innleiðing og mat á forverkefnum/ihlutunum hjá þátttökupjóðum

WP8 Fræðsla, þjálfun og upplýsingamiðlun

Þróun og framkvæmd fræðslu- og kennslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðra umönnunaraðila, ásamt vitundarvakningu fyrir almenning

Af hverju þetta skiptir máli

Líknarþjónusta fyrir börn í Evrópu einkennist í dag af verulegri mismunun á aðgengi, gæðum og samþættingu innan heilbrigðiskerfa. Markmið Hope4Kids er að bregðast við þessum áskorunum með því að efla evrópska samvinnu, draga úr sundurleitni, styðja við miðlun þekkingar og stuðla að jafnræði í aðgengi að hágæða líknarþjónustu barna, með sérstakri áherslu á börn með krabbamein og fjölskyldur þeirra.

Líknarmeðferð barna er sérhæfð þjónusta fyrir börn með alvarlega, lífsógnandi eða lífsskerðandi sjúkdóma og fjölskyldur þeirra – foreldra, umönnunaraðila, systkini og aðra ástvini. Þjónustan getur verið veitt af öllum heilbrigðisstarfsmönnum, en sérhæfð líknarþjónusta er veitt af þverfaglegum teymlum með sérþekkingu á líknarmeðferð barna.

Líknarmeðferð barna leggur áherslu á að bæta lífsgæði með því að lina einkenni, sinna tilfinningalegum og sálfélagslegum þörfum og að styðja alla fjölskylduna – frá greiningu og í gegnum meðferð, bata eða sorgarferli.

Hope4Kids styrkir samstarf víðsvegar í Evrópu með því að sameina sérfræðiþekkingu, stuðla að miðlun þekkingar og styðja við samhæfðar nálganir í líknarmeðferð barna. Með því að draga úr sundurleitni og stuðla að sameiginlegum stöðlum og þekkingu leitast verkefnið við að tryggja að öll börn og fjölskyldur þeirra hafi aðgang að hágæða líknarmeðferð barna – óháð búsetu.

Samfjármagnað af Evrópusambandinu. Skoðanir og álit sem hér koma fram eru eingöngu á ábyrgð höfundar og endurspeglar ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða HaDEA. Hvorki Evrópusambandið né styrkveitandi bera ábyrgð á þeim.

Komið í samstarf með okkur

til að efla líknarmeðferð barna um alla Evrópu



h4k@prinsessmaximacentrum.nl



JAHope4Kids



Hope4Kids

Holistic Oncological
Palliative care 4 Europe's Kids

Heiti verkefnis

Holistic Oncological Palliative care 4 Europe's Kids

Tímalengd

48 mánuðir (1. október 2025 – 30. september 2029)

Samhæfingaraðili

Prinses Maxima Centrum Voor Kinderoncologie BV,
Utrecht, Koningsríkið Holland



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu